

Þriðji fundur Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Árið 2018, þriðjudaginn 18. September kl 20.00 kom Lýðheilsu og æskulýðsnefnd saman til fundar að Ásastíg.

3. fundur kjörtímabilsins 2018 – 2022.

Mættir til fundar: Guðríður Eva Þórarinnsdóttir formaður, Sigfríð Lárusdóttir ritari, Heimir Sigurðsson nefndarmaður. Maja Vilstrub forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinn Zero og Ástráður Unnar Sigurðsson Æskulýðsfulltrúi Skeiða og Gnúbverjahrepps.

Dagskrá:

1. Maja kynnir starf zero og væntanlega starfsemi vetrarins
2. Ástráður fer yfir starfsemi ungmennaráða almennt
3. Skipun í ungmennaráð Hrunamannahrepps
4. Tillögur um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Guðríður býður alla velkomna til fundar og setur fundinn.

1. Maja kynnir starfsemi Zero. Helstu markmið eru að efla tengs unglinga, félagfærni þeir og félagsmiðstúin hafi forvarnargildi um leið og hún sé þeim innan handar.
 - a. Það vanntar auka starfsmann í félagsmiðstöðina á móti Brynju Sólveigu, sú ráðning er í ferli.
 - b. Tvær dag opnanir og ein kvöld opnun í viku. Þriðjudaga og fimmtudaga.
 - i. Skipulögð dagskrá á fimmtudögum. Mánuðurinn skipulagður fram í tímann.
 - c. Maja óksar eftir henntugra rými fyrir Félagsmiðstöðina og nefnir handavinnustofu eða rými fyrir ofan áhaldageymslu. Samnýta aðstöðu fyrir félagsmiðstöð og skólasel. Betri nýting á starfsfólki og aðstöðu með þessum hætti. Auðveldara fyrir unglinga að stunda sýnar íþróttir. Aukin forvörn gegn óhollu mataræði. Nefndin tekur þessu vel og vill leggja þetta mál í hendur sveitastjórnar og vísar í fundagerð fyrri fundar nefndarinnar varðandi nýtingu íþróttarhúsnæðisins.
 - i. Vanntar henntugra aðgengi. Betra að hafa eftirlit með unglungum á einni hæð. Aðgangur að eldhúsi.
2. Ástráður kynnir ungmennaráð
 - a. Það þarf að stiðja við ungmennaráð og úthluta þeim verkefni. Gott að gefa þeim eitt til tvö verkefni á ári. Fara vel yfir nefndarstörf og fundarsköp með þeim.
 - b. Virkja nefndina betur og leifa þeim að segja sína skoðannir.
 - c. Í ungmennaráði situr ungt fólk á aldrinum 14 – 20 ára.
 - d. Í ungmennaráði Skeið- og Gnúbverjahrepps fá nefndarmenn borgað fyrir fundarsetu, hefur það verið hvetjandi fyrir ungmenni að sitja fundina. Leggur nefndin til að sveitastjórn Hrunamannahrepps skoði að slíkt hið sama verði gert hér.
 - e. Skoða hvort einstaklingar séu skipaðir í tvö ár í stað eins árs í senn í ungmennaráð, leggja þessa tillögu fyrir ungmennaráð. T.d. gæti lýðheilsu- og æskulýðsnefnd kosið 1 í nefndina annað hvert ár og tvo í nefndina hitt hvert árið svo sú staða kæmi aldrey upp að enginn hafi setið í ungmennaráði áður.

3. Skipun einstaklinga í ungmennaráð
 - a. Núi Mar Jónsson - aðalmaður
 - b. Mattías Bragi Ölvísson - aðalmaður
 - c. Anna Marý Karlssdóttir – aðalmaður
 - d. Brynja Sólveig Pálsdóttir – varamaður
 - e. Ragnheiður Guðjónsdóttir - varamaður
 - f. Máni Snær Benediktsson - varamaður
4. Tillögur um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi.
 - a. Lagt er til að sveitastjórn skipi óháðan aðila sem getur verið tengiliður barna og unglunga ef þau þyrftu að leita sér aðstoðar vegna ofangreindra mála.
 - b. Útbúið verða verklagsreglur ef uppkæmi viðkvæmt mál.
 - i. Hægt að fá ungmennaráð til að taka þetta mál fyrir.
 - c. Forvarnarfræðsla um kynferðislegt áreiti og ofbeldishegðun.
 - d. Útbúa siðareglur fyrir starfsfólk íþróttá- og æskulýðsmála.

Farið yfir fundargerð í lok fundar og hún samþykkt einhljóða.

Fundi slitið kl 21.21.